

## Skjöldur gegn skálmöld

Eftir Friðbjörn Orra Ketilsson

Undanfarnar vikur hefur fámennur, harðskeyttur og vel skipulagður hópur staðið að mykraverkum sem eiga sér engin fordæmi í lýðveldissögunni. Ofbeldisverk hafa verið framin á stofnunum lýðræðisins, gengið hefur verið í skrokk á saklausu fólki, embættismenn ofsóttir og úthrópaðir með þaulskipulögðum hætti, börn lögð í framlínu ofbeldis gegn lögreglumönnum og svo mætti áfram telja. Vinnubrögð hins fámenna hóps minna helst á aðferðir herskárna skæruliða frekar en friðsamlega stjórnmalabaráttu á Íslandi.

### Fámennur hópur fólks

Mikilvægt er að sjá í gegnum tilkomumiklar fréttamyndir í fjölmiðlum af grímuklæddum æsingarmönnum dansandi umhverfis elda í miðborginni. Eftir stendur að aðeins 5.000 einstaklingar voru mættir þegar hæst stóð í atlögu hinna fámennu gegn grunnstoðum samfélagsins að þeirra eigin sögn. Slíkur fjöldi er ekki mikill. Til samanburðar mættu 15.000 manns og studdu Ómar Ragnarsson í göngu gegn virkjunum, 30.000 mættu á fiskidaginn mikla á Dalvík og 60.000 manns mættu til að sýna samkynhneigðum stuðning í verki í síðustu Gleðigöngu í Reykjavík. Því fer þannig fjarri að „þjóðin“ standi að baki þeirri óöld sem hér hefur verið að undanfögnu. Í því felst engin skoðun heldur aðeins samanburður á fjölda.

### Lýðræði skiptir hina fáu litlu

Paulskipulagðar atlögur hinna fáu komu lýðræðislegri meirihlutastjórn frá völdum með ofsóknum og í hennar stað komið að minnihlutastjórn sem ætlar að gjörbylta öllu því skipulagi sem þjóðin hefur búið við síðustu aldir. Við það gera hinir fáu engar athugasemdir heldur gerast fótgönguliðar hinnar nýju stjórnar og mæta með barefli og hundelta þá embættismenn sem minnihlutastjórnin ætlar að „hreinna burtu“. Þeir sem þekkja mannkynssöguna sjá hér algjöran samhljóm með uppgangi fasista á Ítalíu þar sem Svartstakkar sáu um ofbeldið eftir kalli stjórnmalamanna. Skálmöld er aldrei langt undan þegar slíkt er viðurkennt.

### Einn stendur hann vörðinn

Einn maður fremur en aðrir hefur staðið í lappirnar í þessu mikla umróti og vakið athygli á því fordæmalausa ástandi sem hér virðist ríkja. Sá maður hefur reynst skjöldur okkar hinna sem styðjum friðsamlegt og manngott samfélag laust við ófrið og ofbeldi sem hinir fáu hafa staðið fyrir að undanfögnu. Sá maður hefur ekki látið undan árásum minnihlutastjórnar sem reynir að gera sjálfstæði grunnstofnana að engu og hrekja lagalega skipaða embættismenn úr störfum sínum. Ekki hefur hann látið undan linnulausum persónulegum árásum né látið aðsúg vopnaðs fólks stöðva sig. Sá maður hefur jafnvel staðið svo fast við friðsamlegt og lögmætt skipulag að hann hefur lagt eigið líf í hættu og þarf að hafa lífverði öllum stundum í vinnu og á heimili sínu. Sá maður lætur ekki bugast þegar hópur ofbeldis- og æsingamanna gerir atlögu að stjórnskipulagi landsins með gangstéttarhellur og barefli að vopni í stað málefnalegra röksemda, lýðræðis

og friðar. Sá maður minnir mjög á aðra í sögunni sem stóðu fast í fæturla þegar ofbeldismenn, fasistar, kommúnistar, eða hvaða nafni sem þeir nefndust, reyndu að bylta friðsamlegu lýðræðisskipulagi.

Sá maður er Davíð Oddsson, seðlabankastjóri.